

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðisins á Grundartanga í Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Skilmannahrepps þann 5. maí 2005 samþykkt breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðisins á Grundartanga, dagsett 8. nóvember 2002. Breytingin á deiliskipulaginu felst í stækkun hafnarsvæðisins og nær einungis til stækkunar hafnarinnar þ.e. lengingu viðlegukants í suðvesturátt um 250 metra ásamt nauðsynlegum grjótfyllingum við veg, stálþil og undir og við bryggjugólf.

Ekki er gert ráð fyrir nýjum lóðum á hafnarsvæðinu umfram eldra skipulag og ekki er gert ráð fyrir neinum byggingum á hafnarsvæðinu.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. Skilmannahrepps, 13. maí 2005.

Sigurður Sverrir Jónsson oddviti.